Varapípa. Tungupípa. Savarts tannhjól. Meldes tónkvísl. Áhald til að sýna sveifuhnúta. Knudts glerpípa. Áhald til að sýna ölduhreyfingar. Kaleidoskop. Ýms áhöld til ljósfræðislegra tilrauna. Auk þess nokkur galvönsk element, nokkrir rafmagnslampar o. fl. smávegis.

V. Fjárstyrkur skólans.

Fjárstyrkur sá, sem nemendum var ætlaður af landsfé, var veittur af Stjórnarráðinu eftir tillögum rektors og kennaranna í tvennu lagi: 1) 1500 kr. með bréfi Stjórnarráðsins dags, 12. marz þ. á. 2) 1000 kr. með bréfi Stjórnarráðsins dags, 30. júní þ. á. Hversu mikinn styrk hver einstakur nemandi fékk, má sjá í nemendatalinu hér að framan.

Heimavist var veitt 13 nemendum; fleiri sóttu eigi. Allir nemendur nutu gjafkenslu.

Þeir piltar, sem hafa haft umsjón á hendi (sjá 4. bls.), fengu eins og að undanfögnu bækur að launum af fé skólans.

Bræðrasjóðurinn.

Reikningur Bræðrasjóðsins frá 20. apríl 1904 til 4. apríl 1906.

Tekjur:

1.	Eign 20. apríl 1905:		
	a. í Söfnunarsjóði	kr. 14166,66	
	b. í bankavaxtabréfum	— 1400,00	
	c. í Sparisjóði	— 364,22	
	d. hjá reikningshaldara	— 78	15931,66
2.	Frá stúdentum	—	34,00
3.	Tillög 60 nemenda	—	60,00
4.	Vextir 1905:		
	a. í Söfnunarsjóði	kr. 566,68	
	b. af bankavaxtabréfum	— 69,75	
	c. í Sparisjóði	— 10,29	646,72
			<u>Samtals kr. 16672,38</u>

Gjöld:

1.	Úthlutað nemendum	kr. 383,00
2.	Disconto af 300 kr. bankavaxtabréfum	— 86
3.	Eign:	
	a. í Söfnunarsjóði	kr. 14450,00

b. í bankavaxtabréfum	—	1700,00	
c. í Sparisjóði		138,52	— 16288,52
			Samtals kr. 16672,38

Reykjavíkur almenna mentaskóla 4. apríl 1906,

*Stgr. Thorsteinsson.**

Úthlutun úr Bræðrasjóði í apríl 1906.

1. Jóhannes Jóhannesson 30 kr. 2. Páll Sigurðsson 30 kr. 3. Haraldur Jónasson 30 kr. 4. Árni Gíslason 30 kr. 5. Jakob Jóhannesson 30 kr. 6. Magnús Björnsson 10 kr. 7. Gísli Guðnason 15 kr. 8. Vigfús Í. Sigurðsson 30 kr. 9. Bjarni Snæbjörnsson 18 kr. 10. Hermann Hjartarson 20 kr. 11. Sigtryggur Eiríksson 20 kr. 12. Steingrímur Jónsson 15 kr. 13. Einar Jónsson 30 kr. 14. Guðrún Björnsdóttir 25 kr. 15. Jón Ásbjörnsson 20 kr. 16. Sigurgeir Sigurðsson 20 kr. 17. Eggert Stefánsson 10 kr.

Legat Jóns drs. Þorkelssonar rektors.

Reikningur legatsins árið 1905.

Tekjur:

Eign í Söfnunarsjóði við ársbyrjun 1905	kr.	741,75
Vextir 1905	—	29,67
		<u>Tekjur samtals kr. 771,42</u>

Gjöld:

Eign í Söfnunarsjóði við árslok	kr.	771,42
		<u>jöfnuður kr. 771,42</u>

Reykjavíkur almenna mentaskóla 4. apríl 1906.

Stgr. Thorsteinsson.

*) Reikningurinn endurskoðaður af kennurunum G. T. Zoëga og Pálma Pálmasyni.

VI. Minningarsjóður

25 ára stúdenta

frá

Reykjavíkurskóla.

Það er tilætlun stofnendanna að reyna með fulltingi góðra manna að efna til sjóðs til þess með vöxtum hans að hjálpa efnilegum mönnum, sem lokið hafa námi í æðri mentastofnunum hér á landi, til að halda áfram námi sínu enn um nokkurn tíma í öðrum löndum, hjá helztu mentaþjóðum heimsins, með því að vænta má, að í mörgum greinum verði þar enn um langan aldur fleira að sjá en hér heima, meira hægt að nema, er að gagni megi verða ungum mönnum á því reki, og unt að ná meiri fullkomnun og vikka sjóndeildarhringinn meir en kostur er á hér á landi. Ef þessi sjóður náir að vaxa og vel dafna, má hann verða til gagns og gleði mörgum ungum manni, sem farið hefir alt torleiði vísindanna hér heima, beina hug þeirra fram á leið að herra marki, en hér hefir sett verið, glæða áhuga þeirra og verða á þann hátt til að efla hinar æðri mentastofnanir landsins og lyfta vísindalegu námi hér á landi á herra stig.

Samkvæmt stofnskránni veitir rektor skólans slíku fé viðtöku og mun verja því á þann hátt, sem þar er fyrir mælt.

Stofnskrá

Minningarsjóðs 25 ára stúdenta

frá

Reykjavíkurskóla.

1.

Sjóðurinn er stofnaður með tillögum þeirra manna, er útskrifuðust úr Reykjavíkur lærða skóla 1880 og lifðu það að verða 25 ára stúdentar í júnimánuði 1905.

2.

Sjóðurinn tekur við tillögum frá öllum þeim, er framvegis verða 25 ára stúdentar og væntanlega vilja eitthvað láta af hendi rakna til eflingar honum, svo og gjöfum frá eldri stúdentum.

3.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal leggja öll tillög og gjafir við höfuðstól hans, svo og alla vöxtu fyrst um sinn (sbr. 4. gr. aðra málsgr.).

4.

Vöxtum sjóðsins skal verja til að styrkja unga menn, karla og konur, sem orðið hafa stúdentar frá Reykjavíkurskóla og lokið hafa síðan námi í einhverri hinna æðri mentastofnana landsins og virzt frábærir að gáfum, siðprýði og ástundun, til þess að framast enn meir í samskonar mentastofnunum í útlöndum.

Þá er vextir sjóðsins eru orðnir svo miklir, að $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra virðast nægja til dvalar einum kandídat erlendis um eitt ár, má veita styrk af sjóðinum í fyrsta sinn, en afganginn skal jafnan leggja við höfuðstólinn, unz veita má tveimur og því næst þremur o. s. frv- slikan styrk í senn.

Engum má veita minni styrk en 1200 kr.

5.

Rektor Reykjavíkurskóla hefir stjórn sjóðsins á hendi og minnir hann fyrir lok hvers skólaárs alla þá, sem verða 25 ára stúdentar það ár, á að styrkja sjóðinn með einhverju tillagi. Tekur hann við tillögunum og leggur þau þegar við höfuðstólinn.

Reikningsyfirlit sjóðsins skal birta árlega í skýrslu skólans.

6.

Styrkveitingar úr þessum sjóði hafa þeir á hendi: rektor Reykjavíkurskóla og forstöðumenn hinna æðri mentastofnana

eður og mentadeilda landsins, allir í sameiningu, en ráðherra sá, er fer með kenslumál Íslands, staðfestir veitinguna.

Sett að Lögbergi við Öxará 25. d. júnímán. 1905.

H. Hafstein. Jón Jakobsson. Jónas Jónasson.

Pálmi Pálsson. H. Sigfús Bjarnarson.

Þorgr. Þórðarson.

Reikningur.

Minningarsjóðs 25 ára stúdenta

frá

Reykjavíkurskóla.

1905. Tillög stúdenta frá 1880	kr.	300,00
Vextir	—	0,39
	Eign í árslok	kr. 300,39

Reykjavík 2. apríl 1906.

Stgr. Thorsteinsson.

VII. Próf.

A. Miðsvetrarpróf

var haldið síðari hluta febrúarmánaðar, eins og vant hefir verið.

B. Árspróf

var haldið í 1.—5. bekk í júní mánuði. Við það próf fengu fyrstu einkunn 3 piltar í 5. bekk, 4 í 4. bekk og 3 í 3. bekk. Aðra einkunn 1 piltur í 5. bekk, 5 í 4. bekk og 6 í 3. bekk. Þriðju einkunn 1 piltur í 5. bekk, 2 í 4. bekk og 5 í 3. bekk.

Undir árspróf 4. bekkjar gengu 16 piltar; af þeim stóð-
ust 11 prófið, og fengu þeir þessar einkunnir:*

Nöfn.	Í afloknum greinum.						Í öilum greinum	
	Enska	Rúmfræði	Talnafr.	Landáfr.	Náttúru- saga	Stigatal.	Aðal- einkunn.	Stigatal.
1. Ásm. Guðmundsson . .	d. +	d. +	á.	á. ÷	d. +	37 ² / ₃	I.	96 ¹ / ₃
2. Tryggvi Þórhallsson . .	d.	d. ÷	d. +	d. +	d.	35	I.	87 ² / ₃
3. Jakob Jóhannesson . .	d. +	v. +	d. ÷	d. +	v. ÷	30 ¹ / ₃	I.	86 ¹ / ₃
4. Hjörtur Hjartarson . .	d. ÷	v. +	v.	d. +	d.	31 ¹ / ₃	II.	77 ¹ / ₃
5. Magnús Björnsson . .	d. ÷	l.	l.	d.	d. +	22 ² / ₃	II.	67 ² / ₃
6. Árni Gíslason	v. +	l.	l.	v. +	d. ÷	19 ² / ₃	III.	50 ² / ₃
Utanskólasveinar:								
Skáli Thoroddsen . . .	d. +	á. ÷	á. ÷	d.	d. ÷	36	I.	85 ¹ / ₃
Jens Sigurðsson	d.	v.	d. +	v. +	v. +	30 ² / ₃	II.	73 ¹ / ₃
Sigurður Sigurðsson . .	d.	v.	l.	d. ÷	á. ÷	27	II.	70 ¹ / ₃
Jakob Ó. Lárússon . .	d. ÷	l.	l.	d. ÷	d. ÷	21	II.	69 ² / ₃
Jóhann Havsteen . . .	d. ÷	v. ÷	l.	v.	v.	21	III.	52 ¹ / ₃

Við þetta próf voru þeir bankagjaldkeri Halldór Jónsson, dýralæknir Magnús Einarsson og stjórnarráðsskrifari Þórður Jensson skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins 5. júní þ. á.

Verkefni í hinu skriflega prófi voru:

1. *Í íslenska ritgjörð.*

Þýðing hnattstöðu Íslands fyrir land og þjóð.

2. *Í danskan stíl.*

Skemtiskip, sem hét „Ariadne“, var að leggja af stað frá Lund-
únum í sex vikna ferðalag. Þetta var í september árið 1893. „Ariadne“
átti að koma við á ýmsum höfnum í norðanverðri Norðurálfunni, í
Kristjaníu, Pétursborg og víðar, Eg hafði haft örðugt og vandasant

* á. = ágætlega, d. = dável, v. = vel, l. = laklega, i. = illa.

verk með höndum nokkurn tíma, og fann að eg þurfti að lyfta mér dálítið upp. Eg réð því af að taka mér far með „Ariadne“ og njóta algerðrar hvíldar þessar vikur. Við lögðum af stað annan dag mánadansins; veðrið var yndislegt og skipið var alskipað ferðamönnum.

Það lá einstaklega vel á okkur öllum, og vegna veðurbliðunnar var naumast nokkur maður sjóveikur. Skipslæknirinn, sem var ungur maður, hafði því svo að segja ekkert að gera. Farþegarnir á „Ariadne“ voru rétt eins og fólk er flest, að einum undanteknum. Það var stúlka, sem borin var út á skipið rétt áður en lagt var af stað, og kendi eg í brjósti um hana þegar frá fyrstu. Hún var há og dökkeygð og á að gizka 18—19 ára.

3. Í latínskann stíjl.

Meðan Cæsar dvaldist á Egíptalandi, var hann kjörinn til alræðismanns um eins árs tíma heima í Rómaborg; en hann fór þó eigi til Róms að því sinni, fyrir því að honum kom hersaga austan úr Asíu. En því var svo varið, að Farnaces konungur Miþridatesson hins mikla hafði vakið ófrið þar austur, þá er hann frétti, að styrjöld væri byrjuð með Rómverjum sjálfum; ætlaði hann sér nú að vinna aftur ríki það, er faðir hans hafði orðið að láta fyrir Rómverjum, og lagði undir sig nokkur fylki áður Cæsar kom þar og barðist við hann. Urðu þar skjót umskifti; Cæsar fékk sigur, en Farnaces flýði og var drepinn skömmu síðar. Var þeim ófriði lokið með þeirri einu orustu; enda þótti Cæsari sá athurður hafa orðið með svo skjótri svipan, að hann ritaði vinum sínum í Rómaborg þessi þrjú alkunnu orð: kom, sá, sigraði.

4. Í talnafræði og rúmfræði fékk hver piltur sérstakt verkefni.

C. Inntökupróf.

a. við byrjun skólaársins.

Tækir í 3 bekk.

1. Jón Jóhannesson, sjá innt.pr. til 2. b. nr. 3. í skólask. 1903—1904.

Tækir í 2. bekk.

1. Helgi Skúlason prests Skúlasonar, f. í Odda á Rangárvöllum 22. júní 1892.

2. Skúli Skúlason, bróðir nr. 1. f. í Odda á Rangárvöllum 27. júlí 1890.

Tækk í 1. bekk.

1. Guðrún Bjarnardóttir, bónda Bjarnarsonar, f. í Reykjakoti í Mosfellssveit 27. október 1889.
2. Halldór Hansen, sonur Chr. Hansens sjómanns, f. í Miðengi á Álftanesi 25. janúar 1889.
3. Sigurgeir Sigurðsson, sonur Sigurðar organista Eiríkssonar, f. í Túnprýði á Eyrarbakka 3. ágúst 1890.

Auk þessara var tekinn í 3. bekk Jónas Jónasson, sem hafði leyst af hendi árspróf 2. bekkjar vorið 1903, en eigi getað komið aftur í skólann sökum vanheilsu, og í 2. bekk Ólafur Jónsson, sem lauk ársprófi 1. bekkjar vorið 1903, en hafði orðið að dvelja heima vegna heilsubrests.

b. við lok skólaársins.

Tækir í 5. bekk.

1. Skúli Thoroddsen, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 5 í skólask. 1901—1902.
2. Jens Sigurðsson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 10 í skólask. 1901—1902.
3. Sigurður Sigurðsson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 9 í skólask. 1901—1902.
4. Jakob Ó. Lárusson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 14 í skólask. 1901—1902.
5. Jóhann Havsteen, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 7 í skólask. 1900—1901.

Tækir í 4. bekk.

1. Bogi Ólafsson, sjá innt.pr. til 2. b. nr. 1 í skólask. 1903—1904.
2. Halldór Kristinsson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 6 í skólask. 1902—1903.
3. Sveinbjörn Theodór Jakobsson, kaupmanns Björnssonar; f. á Akureyri 26. marz 1890.
4. Jón Jóhannesson, sjá innt.pr. til 2. b. nr. 3 í skólask. 1903—1904.
5. Kristján Ó. Björnsson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 2 í skólask. 1902—1903.
6. Halldór Kristjánsson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 1 í skólask. 1902—1903.
7. Björnstjerna Björnsson, sjá innt.pr. til 1. b. nr. 15 í skólask. 1902—1903.

Tækir 1. bekk.

1. Ásgeir Ásgeirsson, kaupmanns Eypórssonar, f. í Kóranesi 13. maí 1894.
2. Bjarni Jósefsson, bónda Jónssonar, f. á Melum í Hrútafirði 14. marz 1892.

3. Eiríkur Jóhannes Vigfússon, bónda Eiríkssonar, f. í Tungu í Valþjófsdal í Vestur-Ísafjarðarsýslu 7. maí 1892.
4. Gunnar Hjartarson, snikkara Þorkelssonar, f. á Flautafelli 2. jan. 1891.
5. Helgi Guðmundsson, prests Helgasonar, f. á Bergsstöðum í Svartárdal í Húnavatnssýslu 3. ágúst 1891.
6. Jóhannes Guðmundsson, albróðir nr. 5, f. á Bergsstöðum í Svartárdal 3. október 1892.
7. Jón Andrésson, söðlasmiðs Bjarnasonar, f. í Reykjavík 14. nóv. 1891.
8. Jón Sigfús Björnsson, bónda Sigfússonar, f. í Grímstungu í Vatnsdal 8. febr. 1892.
9. Jón Finnbogi Kjartansson, bónda Jónssonar, f. í Efrihúsum í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 2. febr. 1893.
10. Jón Sveinsson, kaupmanns Sigfússonar, f. í Nesi við Norðfjörð 27. des. 1892.
11. Kristín Ólína Thoroddsen, dóttir Skúla ritstjóra Thoroddsens, f. á Ísafirði 29. apríl 1894.
12. Páll Auðunsson, bónda Jónssonar, f. í Tjarnarkoti í Austur-Landeyjum 7. júní 1891.
13. Páll Bjarnason, prests Pálssonar, f. í Steinnesi í Húnavatnssýslu 13. júlí 1890.
14. Páll Jónsson Ólafsson, sonur Jóns ritstjóra Ólafssonar, f. í Winnipeg 1. febr. 1893.
15. Ragnar Einarsson Hjörleifsson, sonur Einars ritstjóra Hjörleifssonar, f. í Winnipeg 22. febrúar 1894.
16. Steinn Mórítsson Steinsen, sonur Morits bónda Steinsens, f. að Fjósum í Laxárdal í Dalasýslu 20. júní 1891.
17. Sveinn Magnús Sveinsson, snikkara Jónssonar, f. að Uppsölum í Vestmannaeyjum 17. október 1891.
18. Tryggvi Guttormur Hjörleifsson, prests Einarssonar, f. að Undornfelli 31. maí 1892.

D. Burtfararpróf

var haldið síðari hluta júnimánaðar. Voru þeir séra Bjarni Hjaltested, dr. Björn Bjarnason, og bókavörður Jón Jakobs-son skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins dags. 5. júní þ. á. Undir próf þetta gengu, auk 6. bekkinga, 11 utanskólasveinar. Af þessum 11 utanskólasveinum gekk einn frá prófi og einn stóðst eigi prófið.

Verkefni í hinu skriflega burtfararprófi voru:

1. *Í íslenska ritgjörð I.*

Hversvegna er það nauðsynlegt hverri þjóð, að leggja rækt við sögu sína og fyrri alda bókmentir?

2. *Í íslenska ritgjörð II.*

Alþingi hið forna; þýðing þess fyrir þjóðlífið.

3. *Í danskan stíl.*

Í hverju er mismunurinn fölginn á dýrum og jurtum?

Sjálfsgagt mun mörgum þykja þessi spurning næsta hjákátleg og svo einföld, að hún sé naumast svara verð. Getur maður hugsað sér, að nokkur ruglist á dýri og jurt? Eru nokkur líkindi til, að menn þekki ekki fuglinn frá trénu, er hann hoppar á limi þess, eður eigi hágt með að greina kú frá grasinu, sem hún bitur? Eða svípar þeim svo mjög saman mærinni ungu og blóminu, sem hún ber á brjósti sér til þrýðis? Jú, eitt er líkt með þeim — fuglinum og trénu, kúnni og grasinu, stúlkunni og blóminu — þau eru öll lifandi verur; en þá er líka upptalið. Dýrið er þeirri atgjörfi gætt, að mega hreifa sig úr stað, jurtina skortir hana; dýrið hefir taugar og getur skynjað, en jurtin ekki; dýrið vantar blöð og blóm, en þau hefir jurtin. Í stuttu máli, alt þykir bera það með sér, að auðsæ séu deili á dýrum og jurtum.

Þótt það þannig virðist hægðarleikur að svara spurningu vorri, kemur það engu að síður brátt í ljós, að hún er langtum flóknari en menn ætla í fyrstu, og að örðugleikarnir á að setja glögg og ákveðin mörk milli dýraríkisins og jurtaríkisins eru næsta miklir, meira að segja óviðráðanlegir enn sem komið er. Dýrafræðingurinn eða jurtafræðingurinn getur sem sé ekki látið sér lynda, að líta í fljótu bragði á skepnurnar í náttúrunni umhverfis sig; hann verður að leggjast dýpra; rannsóknir hans mega ekki láta staðar numið við hin æðri dýr og jurtir, heldur verða þær einnig að ná til þeirra tegunda, er lægstar standa og einfaldastar eru að líkamsbyggingu. Honum er sem sé kunnugt, að til er annar heimur en sá, sem sýnilegur er berum augum, — heimur, byggður svo smágjörfum verum, að gildleiki hárs er jötunvaxinn í sam- anburði við þær. Þar lendir saman dýrum og jurtum á svo lágu þroska- stigi, að tilraunir til að greina á milli þeirra eru afarmiklum örðug- leikum bundnar.

4. Í þýðingu úr latínu.

C. Plinius Albino suo S.

Cum venissem in socrus meae villam Alsiensem¹⁾, quae aliquando Rufi Vergini fuit, ipse mihi locus optimi illius et maximi viri desiderium non sine dolore renovavit. Hunc enim colere secessum atque etiam senectutis suae nidulum² vocare consueverat. Quocumque me contulisset, illum animus, illum oculi requirebant. Libuit etiam monumentum ejus videre, et vidisse paenituit. Est enim adhuc imperfectum, nec difficultas operis in causa, modici ac potius exigui, sed inertia eius cui cura mandata est. Subit indignatio cum miseratione, post decimum mortis annum reliquias neglectumque cinerem sine titulo, sine nomine jacere, cujus memoria orbem terrarum gloria pervagetur. At ille mandaverat caveratque ut divinum illud et immortale factum versibus inscriberetur:

hic situs est Rufus, pulso qui Vindice quondam
imperium adseruit non sibi sed patriae.

Tam rara in amicitiiis fides, tam parata oblivio mortuorum, ut ipsi nobis debeamus etiam conditoria³⁾ exstruere omniaque heredum officia praesumere. Nam cui non est verendum quod videmus accidisse Verginio? Cuius injuriam ut indigniorem sic etiam notiozem ipsius claritas facit. Vale.

1) við Alsiun. 2) deminut af „nidus.“ 3) grafarmörk.

Útskrifaðir 30. júní 1906.

Nr.	Nöfn.	Fæðingar dagur.	Ísl. ritg. I.	Ísl. ritg. II.	Danska.	Franska.	Pýzka.	Lat. þýðing.	Latína lesin.	Latína ólesin.	Gríska.	Kristin fræði.	Sagnfræði.	Eðlisfræði og stjórnfræði.	Aðaleinkunn.	Sögatal.
1.	Jóhannes Jóhannesson . . .	⁷ / ₁₁ 86	v. +	v. +	v. +	d. +	d. ÷	v.	d. ÷	d. ÷	d. ÷	d. +	á. ÷	d.	I.	91
2.	Páll Sigurðsson	²⁰ / ₈ 84	v. +	v.	v. +	d.	d.	v. +	v. +	d. ÷	d.	d. +	v. ÷	d.	I.	84
3.	Pétur Jónsson	²¹ / ₁₂ 84	v. ÷	v.	d. ÷	d. ÷	d. ÷	l. +	v.	d. ÷	v. +	d.	d. +	d. ÷	II.	81
Utanskólasveinar:																
	Árni Árnason	²⁸ / ₁₂ 85	d.	d. +	d. +	á. ÷	á. ÷	d. ÷	d. +	á. ÷	d. +	á.	d. +	á.	I.	104
	Sigurður Nordal	¹⁴ / ₉ 86	d. +	d. +	d. +	d. +	á. ÷	v. +	á. ÷	á.	á. ÷	á.	á. ÷	d.	I.	104
	Stefán Sch. Thorsteinsson	⁴ / ₈ 86	d. ÷	d.	d. +	d. ÷	d.	v. +	d.	d. +	d. ÷	á. ÷	d. +	á. ÷	I.	97
	Magnús Gíslason	¹ / ₁₁ 84	d. ÷	v. +	v. +	d.	d.	v.	d.	d.	d.	d. +	d. +	á. ÷	I.	94
	Konráð Konráðsson	¹⁷ / ₁₀ 84	d. ÷	d. ÷	d. ÷	d. +	d. +	v. ÷	d. ÷	d.	d. ÷	d. +	d.	v. +	I.	90
	Hafsteinn Pétursson	¹⁴ / ₁ 86	v. +	v.	v. +	d. ÷	d.	l. +	v.	d. ÷	d.	d. +	v. +	v. +	II.	82
	Jón Sigurðsson	¹⁸ / ₈ 86	d. ÷	v. +	d. ÷	d. ÷	d.	v. ÷	v. +	d. ÷	v. +	d. +	d. ÷	l. +	II.	81
	Vernharður Þorsteinsson . . .	¹ / ₁₀ 84	d.	d. ÷	v. +	d. ÷	d. +	l.	v.	v. +	v.	d. +	d. ÷	l. +	II.	77
	Þórður Oddgeirsson	¹ / ₈ 83	v.	v.	v. +	l. +	v. +	l. ÷	l.	v. ÷	l. +	d. ÷	l. +	l.	III.	43

VIII. Stjórn skólans.

1. Samkvæmt bréfi stiftsfirvaldanna 20. maí 1896 verða þeir lærisveinar, sem vilja fá námsstyrk af landsfé, að senda til rektors vottorð um fjárhag sinn og allar ástæður fyrir 1. okt. ár hvert, og gildir þetta vottorð um leið sem bónarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, er þá fer í hönd. Eyðublöð til slíks fjárhagsvottorðs fást ókeypis hjá aðalumsjónarmanni skólans í skólahúsinu, og er það svo hljóðandi:

„Fjárhagsvottorð

lærisveina hins lærða skóla í Reykjavík.

1. Nafn piltins og foreldra hans: 2. Kom í Reykjavíkur lærða skóla árið og settist í . . . bekk. 3. Hverja atvinnu eða embætti hefir faðir piltins, eða — ef hann er dáinn — hverja stöðu hafði hann og hverja stöðu hefir móðirin, ef hún er á lífi?
4. Eiga foreldrar piltins fleiri uppkomin börn en hann, og eru nokkur þeirra sett til menta í öðrum skólum en barnaskólum?
5. Hve miklar tekjur hefir faðirinn (eða móðirin) árlega af atvinnu sinni eða embætti? Ef faðirinn (eða móðirin) lifir á sveitabúskap eða sjávarútveg, þarf ekki að svara þessari spurningu, en aftur á móti skal þá tilgreina, á hve mörgum jarðarhundraðum hann (hún) býr, og auk þess um sjávarbóndann, hve mörgum skipum eða bátum hann (hún) heldur úti. Auðvitað eiga bændur sem aðrir að tilgreina, ef þeir hafa tekjur af öðru aukreitissviði við hliðina á sveitabúskapnum eða sjávarútvegnum, t. d. af umboði, póstafréiðslu, smíðum o. s. frv. Hefir móðirin nokkra sérstaka atvinnu, er gefi af sér nokkrar verulegar tekjur í félagsbúforeldranna, og þá hve miklar? 6. Á faðirinn (eða móðirin) nokkra jarðeign, húseign, þilskip eða part úr þilskipi, fé á vöxtum eða aðra arðberandi eign? (jarðir skal nefna, en önnur eign tilfærast í peningavirði). Hvað mikið telur faðirinn (móðirin) fram til tíundar í hundraðatali? 7. Á pilturinn nokkurn arf eða aðra séreign, og þá hve mikið (jarðir skal nefna, en önnur eign tilgreinist í peningavirði)
8. Fær pilturinn nokkra hjálp frá öðrum en foreldrum sínum?
9. Athugasemdir, sem vottorðsveitandi að öðru leyli kynni að vilja taka fram

*) Eyðurnar eru fáknaðar með punktnm (. . . .).

Að fjárhagsvottorð þetta sé rétt í öllum greinum samkvæmt minni beztu vitund og að engu sé leynt, sem nauðsynlegt er að taka fram til að fá rétta hugmynd um fjárhag piltins, það votta eg hér með við drengskap minn og samvizku.

..... dag
 (Nafn vottorðsveitanda,

Hér með votta eg undirskrifaður, að mér sé ekkert kunnugt, sem hnekki framanskráðu fjárhagsvottorði eða ósanni það í neinni grein.

..... dag
 (Nafn þess er staðfestir vottorðið)

Til athugunar fyrir vottorðsveitendur og umsækjendur:

1. Fjárhagsvottorð lærisveina hins lærða skóla skulu gefin af föður piltins. Ef hann er dáinn eða á einhvern hátt fatlaður frá að undirskrifa það, og sé pilturinn ómyndugur (ekki fullra 18 ára), þá skal móðirin gera það í föðuins stað, svo framarlega sem hún situr í óskiftu búu, en annars löglega skipaður fjárhaldsmaður piltins (ekki skólafjárhaldsmaður, nema hann sé löglega skipaður fjárhaldsmaður). Sé pilturinn hálfmyndugur (fullra 18 ára, yngri en 25 ára) og eigi ekki föður á lifi, skal hann sjálfur undirskrifa það með tilsjónarmanni. Sé pilturinn fullmyndugur (fullra 25 ára) og eigi ekki föður á lifi, skal hann sjálfur undirskrifa vottorðið.
2. Auk þess skulu fjárhagsvottorðin staðfest af hlutaðeigandi sóknarpresti. Ef sóknarprestur er sjálfur vottorðsveitandi, skal það staðfest af hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.
3. Ef það sannast, að eitthvað sé ósatt eða rangt í framanskrifuðu fjárhagsvottorði, og séu líkur til, að rangt sé frá skýrt af ásettu ráði, þá missir pilturinn allan þann styrk, sem hann kann að hafa haft, og getur ekki búist við að fá neinn styrk í skólanum upp frá því. Auk þess varðar það við lög, ef röng skýrsla er gefin (sjá Almenningarlög 155 og 156. gr.).
4. Fjárhagsvottorð á að vera komið til rektors lærða skólans í síðasta lagi 1. október ár hvert og gildir um leið sem umsóknarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, sem þá fer í hönd. Verður því að endurnýja það árlega. Verði einhver veruleg breyting til hins verra á ástæðum piltins, eftir að vottorðið er undirskrifað, skal skóla-

fjárhaldsmaður gera skriflega yfirlýsingu um það eftir beztu vitund og senda rektor, helzt eigi seinna en 1. marz næst á eftir. Nýsveinar þeir, sem gera sér von um styrk á 1. skólaári, verða að vera búnir að senda inn fjárhagsvottorð fyrir 1. marz ár hvert“.

2. Skilyrði fyrir inntöku í skólann.

a. *Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðadeildina* eru tekin fram í bráðabyrgðareglugjörð fyrir nefndan skóla 18. og 19. gr. og eru báðar greinarnar til leiðbeiningar hlutaðeigendum prentaðar hér orðréttar:

18. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildarinnar séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra.

Þegar sérstaklega stendur á, getur Stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka pílta, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því.

2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði þeirra sé óspilt.
4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir síðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla.

19. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf,*) er sýni að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

1. Íslenzka munnleg.

Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kafla í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kafla sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna

*) Inntökuprófið skal að jafnaði haldið við lok júním. ár hvert (sbr. reglugjörð 17. gr.). Skulu nýsveinar, áður en þeir ganga undir próf, afhenda skólastjóra hin fyrirskipaðu vottorð frá kennurum sínum um, að þeir hafi veitt þeim tilstögn, ásamt skrá yfir það, sem þeir hafa lesið, siðferðisvottorð, skirnarvottorð og bólu-setningar.

að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utan bókar nokkur íslensk kvæði, helzt sögulegs efnis og geta gjört grein fyrir efni þeirra, svo það sjáist að hann hafi skilið þau.

Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunnir helztu atriðin í íslenskri beygingarfræði.

2. Íslenska skrifleg.

Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna, að hann geti nokkurn veginn ritvillulitið, og svo, að helztu lestrarmerki séu rétt sett, skýrt skriflega frá efni í stuttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögd eða lesin fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst.

3. Reikningur.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunnir 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum.

4. Skrift.

Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.

5. Danska.

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslensku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúið munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslensku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins.

6. Saga.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af mannkynssögunni og af sögu Íslands.

7. Landfræði.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af allri landfræðinni og nokkurn veginn nákvæma lýsingu Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan.

8. Náttúrusaga.

Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin, og þau önnur dýr, sem vænn varða mestu, ennfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir.

b. Skilyrði fyrir inntöku í efri bekk skólans, sem eru undir eldri reglugjörðinni, eru hin sömu og verið hafa og má lesa um þau í eldri skýrslum.

3. Hver sá utanskólasveinn, er ætlar að ganga undir *burt-*

fararpróf eða *árspróf fjórða bekkjar*, á að afhenda skóla-
stjóra vottorð frá manni, sem tekið hefir stúdentspróf, um
að hann hafi haft eftirlit með námi hans og telji hann færán
til prófsins.

4. *Skólabækur*. Allir piltar eru skyldir að eiga eða
hafa til brúkunar alt skólaárið allar þær bækur, sem við
eru hafðar í þeim bekk, er þeir sitja í, þar á meðal mállýs-
ingar og orðabækur í hverju því máli, sem kent er í bekk-
num. Verða slíkar bækur ekki lánaðar nemendum úr skóla-
bókasafninu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Reykjavík í júlímánuði 1906.

Stgr. Thorsteinsson.

